

LÖGGARÐUR EHF.

Stofnað 1985

Brynjólfur Eyvindsson hdl., Guðni Á. Haraldsson hrl., Benedikt Sigurðsson hdl.

Bæjarskrifstofur Garðabæjar	
Mótt.dags.	23.05.2018
Málalýkill	0710
Mál nr.	1805279

Bæjarskrifstofur Garðabæjar,
Embætti byggingarfulltrúa,
Garðatorgi 7,
210 Garðabæ.

Reykjavík 15.05.2018.

Efni: Fasteignin nr. 4 við Miðhraun, Garðabæ.

Mér hafa falið nokkrir eigendur muna sem til staðar voru hjá Geymslum ehf., Miðhrauni 4, Garðabæ, að skrifa yður.

Eins og yður er kunnugt um eyðilagðist húsnæðið í eldisvoða þann 5. apríl s.l. Umbjóðendur mínir áttu þar innan dyra veruleg verðmæti og hafa því lögvarða hagsmuni af því að vita hvernig staðið var að eldvörnum í húsnæðinu.


Samkvæmt 10. gr. laga nr. 75/2000 um brunavarnir bera sveitarstjórnir ábyrgð á eldvarnareftirliti.

Af þessu tilefni óska ég upplýsinga frá yður um eftirfarandi:

1. Allar úttektir sem fram fóru á húsnæðinu frá því að bygging þess hófst.
2. Allar athugasemdir sem gerðar voru af hálfu byggingarfulltrúa Garðabæjar um ástand húsnæðisins frá upphafi byggingar þess og fram að 5. apríl 2018.
3. Hvort óskað hafi verið heimildar til þess að breyta húsnæðinu frá því að það var byggt.
4. Hvort óskað hafi verið eftir heimild til breyttrar notkunar hússins frá því að lokaúttekt fór fram.
5. Öll gögn er lögð voru fram við öryggisúttekt hússins sbr. gr. 3.8.1. í byggingarreglugerð.
6. Yfirlýsingu rafvirkjameistara um brunaviðvörðunarkerfi.
7. Yfirlýsingu pípulagningarmeistara um vatnsúðunarkerfi.
8. Staðfestingu brunahönnuðar á brunahönnun hússins.
9. Hvort gerð hafi verið krafa um sérstaka brunahönnun húsnæðis vegna sérstakrar eldhættu.
10. Upplýsinga um það hvort einhver rannsókn hafi farið fram á vegum embættis byggingarfulltrúa eftir brunann á orsökum hans eða á húsnæðinu sjálfu.
11. Samþykktar teikningar byggingarfulltrúa er lutu að brunavörnum.

Svar yðar kanna að verða lagt fram í dómsmáli.

Virðingarfyllst,


Guðni Á. Haraldsson, hrl.

